

Sjötti fundur Umhverfisnefndar HeilsuleikskólansKærabæjar 2013-2014 haldinn 19. mars klukkan 9:00

Mættir: Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Þórgunnur María Guðgeirsdóttir (Mæja) fulltrúi starfsmanna, Arndís Harðardóttir fulltrúi foreldra, Amelía Íris, Vilhelm Logi, Ásgeir Örn, Ásgeir Marínó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara og Ólöf Ósk.

Fundurinn tekinn upp á hljóðband og fundargerð skráð eftir því nokkrum dögum seinna.

Þórunn bauð alla velkomna á fundinn og las upp fundargerð síðasta fundar. Fundarmenn minntir á að hlusta vel og hugsa hvort við höfum unnið að því sem við ákváðum á þeim fundi.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina og vottuðu það að:

- við notuðum endurvinnanlegt efni í myndlistarsýningu um sveitina okkar sem við settum upp í íþróttamiðstöðinni og á myndunum voru hestar og kindur úr sveitinni okkar
- heimsóttum skólann og skoðuðum stofuna sem elstu börnin í umhverfisnefndinni fara í í skólaheimsókn
- þau höfðu tekið vatnssýni úr Skaftá eftir hlaup í henni . Við skoðuðum vatnssýnið á fundinum og veltum því fyrir okkur hvers vegna það var svona gruggugt. Við skoðuðum líka ösku úr Grímsvatnagosinu sem við eigum í krukku. Við höfðum einmitt notað það í myndir á sýninguna.
- Við höfum gefið fuglunum í snjónum í vetur.

Þórunn tilkynnti fundarmönnum að eftir mat og hvíld ætlum við að fara í vinnustaða heimsókn. Förlinn er heitið á Hótel Klaustur. Við höfðum talið það upp og merkt inná hugtakakortið okkar og nú var því bætt inná það sem börnin vissu um hótelið. Þau vissu m.a. það að þar eru stólar og borð, herbergi og eldhús.

Það sem börnin vildu spyrja hóteltjórann, Svenna að var:

- Hvort hann geti gefið okkur kakó og kökur (eins og við fáum fyrir jólin)
- Hvað eru mörg herbergi á hótelinu? Við giskuðum á 11 herbergi.
- Hvað geta margið gisti á hótelinu? (22)
- Hvað er vinsælasti maturinn? (Við giskuðum á súkkulaðiköku)

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.